

Sakamálarannsókn stefnt í hættu

Í VESTRÆNUM réttarríkjum, þar á meðal á Íslandi, hafa á löngum tíma þróast reglur um rannsókn sakamála. Þær lúta meðal annars að réttindum sakborninga, heimildum til húsleitar, handtökum og þvingunarúrræðum. Í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eru ákvæði um skyldur ákærvalds og lögreglu við rannsókn mála. Í þessu sambandi er rétt að vísa sérstaklega til 3. og 4. mgr. 18. gr. laganna og 2. og 3. mgr. 53. gr. sömu laga um hlutlægnisskyldu ákærvalds og rannsakara. Þessar reglur byggjast á þeim almennu mannréttindareglum, sem gilda um réttláta málsmeðferð og réttarríkið grundvallast á. Þessar mannréttindareglur eru jafnan í stjórnarskrám viðkomandi ríkja og í sérstökum mannréttindasáttmálum, sem víðast hvar hafa verið lögfestir. Mannréttindi borgara gagnvart ríkisvaldinu hafa þó ekki alltaf þótt sjálfsögð og kostaði barátta fyrir þeim víða blóð, svita og tár. Oft hefur hrikt í stoðum réttarríkisins, einkum þegar óvissa og umrótsástand ríkir í stjórnámum og efnahagsmálum. Í slíkum kringumstæðum brýst oft út gremja og hefndarhugur fólks, ýmist með réttu eða röngu, og þá kunna þessi mannréttindi að þvælast fyrir því að »réttlætinu« verði fullnægt.



Brynjar Níelsson

Við bankahrunið fór eðlilega af stað rannsókn á orsökum og aðdraganda þess. Við yfirtöku ríkisins á stóru bönkunum voru strax kallaðir til endurskoðendur, lögfræðingar og aðrir sérfræðingar til að rannsaka fyrirbyggjandi gögn. Auk þess var sett á laggirnar með lögum sérstök rannsóknarnefnd til að rannsaka þessi atriði. Ennfremur sinna Fjármálaeftirlitið og embætti skattrannsóknarstjóra lögbundnu hlutverki sínu. Við slíkar rannsóknir kann að koma fram rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi einstakra manna. Vakni slíkur grunur ber að greina þeim frá, sem fara með sakamálarannsókn hverju sinni.

Í kjölfar bankahrunsins virðist sem flestum þyki eðlilegt að lýsa því yfir opinberlega að stjórnendur fjármálaafyrirtækja og svokallaðir auðmenn séu glæpamenn og landráðamenn í senn. Jafnframt er þess krafist að þeir verði lokaðir inni og eignir þeirra frystar. Þegar hlustað er á slíkan málflutning stjórnálmanna og fjölmiðlamanna, sem þó gjarnan telja sig sérstaka málsvara lýðræðis og mannréttinda, er ástæða til að óttast um örlög réttarríkisins. Og ekki minnkar óttinn, þegar þeir sem fara með rannsókn og saksókn taka undir slíkan málflutning. Saksóknarvald er vandmeðfarið og umgengst ekki að hentugleikum.

Með lögum var sett á stofn embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um meinta refsiverða háttsemi í aðdraganda bankahrunsins og í tengslum við það. Við ríkjandi aðstæður reynir mjög á það embætti, enda almennur þrýstingur mikill á tafarlausar aðgerðir gegn meintum sökudólgum. Þessi þrýstingur hefur skapað talsverða taugaveiklun hjá stjórnvöldum. Embætti sérstaks saksóknara var vart tekið til starfa er ákveðið var að ráða fyrrum rannsóknardómara frá Frakklandi, sem kominn var á eftirlaun, eftir viðtal við hann í spjallþætti í sjónvarpi. Ekkert er athugavert við það að leita aðstoðar erlendis frá við úrlausn mála, og telst engin nýlunda við rannsókn sakamála hér á landi. Það er hins vegar óvenjulegt að útlendir »sérfræðingar« séu starfsmenn embætta, sem fara með rannsókn sakamála.

Það sem vekur furðu við þennan útlenda starfsmann sérstaks saksóknara eru yfirlýsingar hans á opinberum vettvangi, bæði fyrir og eftir ráðningu hans. Sé rétt eftir honum haft í fjölmiðlum segist hann meðal annars fullviss um að íslenskir fjármálamenn hafi skotið undan fé og að yfirgnæfandi líkur séu á því, að stjórnendur bankanna hafi gerst brotlegir við lög. Jafnframt lýsir hann yfir furðu sinni á því að þessir stjórnendur og eigendur fjármálaafyrirtækjanna hafi ekki verið handteknir og hjá þeim gerð húsleit. Með yfirlýsingum af þessu tagi er brotið gegn hlutlægnisreglu rannsakanda og ákærvalds samkvæmt framangreindum ákvæðum laga um rannsókn sakamála. Það er sennilega einsdæmi í réttarsögu þessa lands, að minnsta kosti í seinni tíð, að þeir komi að rannsókn sakamála, sem lýst hafa yfir sekt þeirra sem rannsaka skal. Þessi fyrrverandi rannsóknardómari frá Frakklandi er því fullkomlega vanhæfur til að koma að rannsókn sérstaks saksóknara. Ráðningin getur hugsanlega valdið því að rannsókn og möguleg saksókn ónýttist, þar sem sakborningar hafi ekki hlotið réttláta málsmeðferð.

>> Saksóknarvald er vandmeðfarið og umgengst ekki að hentugleikum.